

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar nr. 393 3. nóvember 1977,
með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Fyrir afnot af heitu vatni (varmaorku) úr veitukerfi hitaveitunnar skal greiða orkugjald:

A) Samkvæmt magnhemli kr. 5 700.00 fyrir hvern mínútulítra á mánuði.

B) Samkvæmt vatnsmæli kr. 285.00 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Þegar um afnot af heitu vatni er að ræða til annars en húshitunar og/eða neysluvatnsnota, getur hitaveitan vikið frá framangreindu verði og ákveðið gjaldið sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

Jöfnur í 7. gr. gjaldskrárinnar, sem gilda um útreikning á heimæðagjaldi verði þannig:

$$\text{a-liður: } H = 286.950 + 313 \times V$$

$$\text{b-liður: } H = 430.425 + 470 \times V$$

$$\text{c-liður: } H = \frac{H_n}{286.950 \times n + 313 \times V_n} \times (286.950 + 313 \times V)$$

11. gr. gjaldskrárinnar, fyrsta málsgrein, orðist þannig:

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskránni eru miðuð við visitölu byggingarkostnaðar 1. október 1978, 240 stig.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. nóvember 1978 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 27. október 1978.

F. h. r.

Árni Þ. Árnason.

Kristmundur Halldórsson.

20. september 1978.

Nr. 381.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá Minningarsjóðs Vestri-Garðsauhjóna, Jóns Árnasonar og Sigríðar Skúladóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 20. september 1978.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Minningarsjóðs Vestri-Garðsauhjóna, Jóns Árnasonar og
Sigríðar Skúladóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Vestri-Garðsauhjóna, Jóns Árnasonar og Sigríðar Skúladóttur.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður samkvæmt fyrirmælum í erfðaskrá Ragnheiðar Jónsdóttur, frv. skólastjóra, Hringbraut 28 í Reykjavík, dagsettri 8. maí 1964, og er stofnfé sjóðsins kr. 4 225 534 auk $\frac{1}{4}$ hluta jarðarinnar Ægissíðu í Djúpárhreppi, Rangárvallasýslu nú að fasteignamati kr. 3 541 000.

3. gr.

Sjóðinn sjálfan má aldrei skerða en af vöxtum hans má árlega verja 9/10 hlutum vaxta til þess er meirihluti sjóðsstjórnar álitur hverju sinni henta til eflingar Hvolhrepps og íbúa hreppsins. Sé vöxtum ekki úthlutað einhvert ár, leggjast þeir við höfuðstólinn.

4. gr.

Úthlutun úr sjóðnum og vörslu hans annast sóknarprestur Hvolhreppinga, héraðslæknir þeirra og sýslumaður Rangæinga.

5. gr.

Sú kvöð hvílir á sjóðnum að forráðamenn hans eru skyldir til ár hvert að sjá um viðhald og hirðingu á grafreit föður stofnanda sjóðsins, Jóns Árnasonar, í kirkjugarðinum á Stórólshvoli og vanda til þess hið besta og verja til þess árlega fé af vöxtum sjóðsins.

6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

AUGLÝSING

um umferð í Njarðvík.

Að fenginni tillögu bæjarstjórnar Njarðvíkur er hér með ákveðið bann við að leggja vörubifreiðum og öðrum þungaflutningatækjum á Kirkjubraut, sunnan Stapaötu í Njarðvík.

Bann þetta tekur þegar gildi.

Lögreglustjórinn í Njarðvík, 11. október 1978.

Jón Eysteinnsson.